



Borgarráð

Styrkur til Nýsköpunarvikunnar 2022

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Nýsköpunarvikuna árið 2022 um 2,5 m.kr. auk þess að taka virkan þátt í hátíðinni sem og Nordic Startup Awards en borgarráð samþykkti á fundi þann 6. maí 2021 að gerast einn af burðarstólpum hátíðarinnar 2021-2023. Síðastliðin tvö ár hefur árlegt fjárframlag Reykjavíkurborg til Nýsköpunarvikunnar verið 1 m.kr.

Greinargerð:

Nýsköpunarvikan er hátíð sem verður haldið dagana 18. maí – 25. maí 2022. Á Nýsköpunarvikunni gefst fyrirtækjum og frumkvöðlum kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum með margskonar snertiflötum. Þannig eykst aðgengi og sýnileiki nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og fyrirtæki og sprotar fá tækifæri til að deila mikilvægri þekkingu með öðrum. Markmiðið er að hátíðin verði á pari við aðrar sprotahátíðir á Norðurlöndum og alþjóðlegur markaðsgluggi nýsköpunar út á við.

Fyrirtækið Nýsköpunarvikan hefur jafnframt undirritað samstarfssamning við NordicStartup Awards (NSA) um að halda Norrænu verðlaunaafhendinguna hér á landi til framtíðar en í því felast gríðarleg tækifæri. Rjúmi Norrænnar nýsköpunar sækir hátíðina ár hvert en gert er ráð fyrir um 600 gestum, þar um helmingnum erlendis frá.

Íslandsstofa, Icelandair og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru staðfestir burðarstólpar hátíðarinnar 2022 og leggja hátíðinni til 3-5 milljónir króna hver.

Fyrir Reykjavíkurborg er hátíðin góður vettvangur til að ná utan um þau fjölmörgu nýskapandi verkefni sem eru í gangi innan mismunandi sviða borgarinnar og miðla því til íbúa, atvinnulíffisins og frumkvöðla hér og landi sem og erlendis. Í gegnum hátíðina og undirbúning hennar hefur borgin aðgang að sérfræðingum á sviði nýsköpunar m.a. til að halda innri nýsköpunardag til að efla nýsköpunarmenningu. Teymi hátíðarinnar býr yfir mikilli þekkingu á nýsköpunarsamfélaginu og hefur tengingar við frumkvöðla og fyrirtæki sem borgin getur nýtt til að koma sínum verkefnum og skilaboðum á framfæri.

Til viðbótar við fjárframlag mun Reykjavíkurborg hýsa hátíðarkvöldverð daginn fyrir NordicStartup Awards og opunarviðburð Nýsköpunarvikunnar, auk þess að aðstoða við kynningu hátíðarinnar á sínum miðlum.

Atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara mun halda utan um þátttöku borgarinnar í Nýsköpunarvikunni og NSA í samvinnu við fulltrúa frá sviðum og ráðum og nefndum innan borgarinnar.

Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09207.



Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað frá Nýsköpunarvikunni, ódags.

Erindi til borgarstjóra vegna Nýsköpunarvikunnar 2022–2024

Nýsköpunarvikan leggur fram styrkbeiðni til Reykjavíkurborgar um árlegt framlag til næstu þriggja ára. Ætlunin er að standa straum af uppbyggingu hátíðarinnar til frambúðar í Reykjavík og flytja verðlaunaafhendingu Nordic Startup Awards hingað til lands.

Á Nýsköpunarvikunni gefst fyrirtækjum og frumkvöðlum kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum, fyrirlestrum og uppákomum með margskonar snertiflötum. Þannig eykst aðgengi og sýnileiki nýsköpunar þvert á atvinnugreinar og fyrirtæki og sprotar fá tækifæri til að deila mikilvægri þekkingu með öðrum. Markmiðið er að hátíðin verði á pari við aðrar sprotahátíðir á Norðurlöndum og alþjóðlegur markaðsgluggi nýsköpunar út á við. Nýsköpunarvikan hefur jafnframt undirritað samstarfssamning við Nordic Startup Awards (NSA) um að halda Norrænu verðlaunaafhendinguna hér á landi til framtíðar en í því felast gríðarleg tækifæri. Rjóni Norrænnar nýsköpunar sækir hátíðina ár hvert en gert er ráð fyrir um 600 gestum, þar um helmingnum erlendis frá.



FJÁRMÖGNUN:

Á síðasta ári var rúmlega 80% af fjármagni Nýsköpunarvikunnar sótt frá einkaaðilum og tæp 20% frá ríki og borg. Nýsköpunarvikan leitar nú að nokkrum lykilsamstarfsaðilum með alþjóðlega skírskotun til að greiða á bilinu þrjár til fimm milljónir hver svo hátíðin og Nordic Startup Awards standi undir sér. Íslandsstofa, Icelandair og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru staðfestir burðarstólpur en þörf er á 2-3 í viðbót. Nýsköpunarvikan leggur til að Reykjavíkurborg verði einn af þessum burðarstólpum enda er hugmyndin sótt í svipaðar fyrirmyndir erlendis, s.s. Oslo Innovation Week, Stockholm Tech Week og Copenhagen Fintech Week. Allt eru þetta hátíðir sem eru styrktar af samstarfsborgum sínum.



LAGT ER TIL AÐ FRAMLAG REYKJAVÍKURBORGAR

VERÐI EFTIRFARANDI:

- Að Reykjavíkurborg leggi Nýsköpunarvikunni og Nordic Startup Awards til árlegt framlag upp á 2,500.000kr
- Að Reykjavíkurborg leggi til húsnæði fyrir hátíðarkvöldverð daginn fyrir NSA með þeim sem eru tilnefndir og samstarfsaðilum.
- Að Reykjavíkurborg leggi til húsnæði fyrir opunarpartý Nýsköpunarvikunnar
- Að Reykjavíkurborg aðstoði við markaðssetningu hátíðarinnar með því að leggja til hluta af auglýsingaplássi á stafrænum strætóskýlum, borðum/fánum á ljósastaurum og að markaðsdeildin framleiði myndbönd um viðburði borgarinnar á hátíðinni.

TILLAGA AÐ ÞÁTTTÖKU REYKJAVÍKURBORGAR Í NÝSKÖPUNARVIKUNNI:

- Hverju sviði yrði úthlutaður ákveðinn dagur vikunnar þar sem þeirra viðburðum yrði gert hátt undir höfði í dagskrá hátíðarinnar.
- Borgin gæti lagt ákveðnum viðburðum hátíðarinnar til sérfræðinga
- Innri nýsköpunardagur Reykjavíkurborgar með fræðslu og námskeiðum
- Möguleiki á að sérstakir viðburðir eins og setning, lokahóf eða ákveðin hluti vikunnar séu kynntir í nafni borgarinnar.

TEYMI HÁTÍÐARINNAR

Að Nýsköpunarvikunni standa stjórnendur, verkefnastjórar og fjárfestar með mikla þekkingu á nýsköpunarsamfélaginu bæði hér á landi og erlendis. Melkorka Sigríður Magnúsdóttir og Edda Konráðsdóttir búa yfir reynslu af verkefnastjórnun, fjármögnun og viðburðastjórnun bæði úr vinnu sinni hjá Icelandic Startups og gegnum sjálfstætt starfandi verkefni innan tæknigeirans og skapandi greina. Freyr Hólm Ketilsson, fyrirtækjafrumkvöðull, fjárfestir og stjórnandi til margra ára er hugmyndasmiðurinn bakvið hátíðina.